

Menntamálaráðuneytið
Ab.
18. feb. 2008
Tilv:MMR
Db.

(3) 07/100355
10.21



Hóaskóli
Hólar í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
4556300
holar.is

Menntamálaráðuneytið
 Sölvhólgsgötu 4
 150 Reykjavík

15. febrúar 2008

Efni: Viðbrögð við skýrslu sérfræðinganeftnar um viðurkenningu fræðasviða auðlinda- og búvísinda, sbr. bréf menntamálaráðuneytis 8.2.2008.

Háskólinn á Hólum hefur farið yfir skýrslu sérfræðinganeftnar um skólann vegna umsóknar hans um viðurkenningu fræðasviða auðlinda- og búvísinda.

Við gerum engar beinar athugasemdir við efni skýrslunnar. Í heild sinni er það mat okkar að skýrslan sé mjög góð og gagnleg og bendi á atriði sem mikilvægt er að taka tillit til framtíðarþróun skólans enda samræmast þau vel þeirri sýn sem skólinn hefur mótað sér. Við teljum að matsmenn hafi unnið verk sitt mjög vel og ber skýrslan merki um þekkingu og innsæi á málefnum.

Ein af tillögum sem fram koma í skýrslunni er að skólinn skuli vinna nákvæmari áætlun (strategic/operational plan). Við bendum á að á síðasta ári fór fram vinna við áætlun og stefnu skólans sem lögð hefur verið fram. Það er okkar tillaga að frekari vinna við áætlun og stefnu skólans í samvinnu við menntamálaráðuneytið byggi á þeim grunni.

Allur ferill sem liggar að baki þessari skýrslu hefur verið Háskólanum á Hólum afar gagnlegur og við þökkum þá miklu og góðu vinnu sem starfsfólk menntamálaráðuneytis og sérfræðinganeftnar hefur lagt fram í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,

 Skúli Skúlason
 rektor